

Nd.

259. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralána-deild.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „hreppsnefndar eða bæjarstjórnar“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: hreppsnefndaroddvita eða bæjarstjóra.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkv. lögum þessum. Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefir í umboði landbúnaðarráðherra yfirsjón með því, að lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra sé hlýtt.

Skulu hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum vera trúnaðarmenn hans í þessum málum og framkvæma eða láta framkvæma í umboði sínu eftirlitið, eftir því sem ráðunautur leggur fyrir, og sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Stundi þeir sjálfir loðdýrarækt, framkvæmir ráðunauturinn eftirlitið, eða skipar sérstakan mann til þess.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út í samráði við loðdýraræktarráðunaut.

Leyfi hvert gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt fyrir, og einungis fyrir þá tegund loðdýra, sem í leyfinu greinir.

Oheimilt er að loka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt loðdýraræktarráðunauts eða trúnaðarmanna hans hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um, að girðingar og umbúnaður allur sé úr traustu efni og svo vandlega frá gengið, að öruggt sé, að dýr geti ekki sloppið nema einhver sérstök óhöpp beri að höndum.

Að lokinni úttekt og fullnægðum skilyrðum ber úttektarmanni að gefa leyfishafa skriflega yfirlýsingu um, að honum sé heimilt að taka dýrin í garðinn eða aðhaldið. Sömu ákvæði gilda, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður.

Nánari ákvæði um eftirlit og úttekt skal setja með reglugerð, þar á meðal um greiðslu fyrir verkið.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum, frá 200—4000 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð.

4. gr.

6. gr. laganna falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu flutt á milli garða í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim hvenær sem hættu þykir á, að dómi hreppstjóra eða lögreglustjóra, að þau kunnir að sleppa úr aðhaldi, svo sem vegna isalaga.

6. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, félag eða einstaklingur, sem fengið hefir leyfi til loðdýraræktar og tekið hefir dýr í vörzlu, skal þegar gerast meðlimur í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög félagsins.

Brot gegn þessari grein skal varða missi leyfis til loðdýraræktar.

7. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Sleppi loðdýr úr vörzlu, skal sá, er vörzluna hefir, þegar gera gangskör að því að veiða dýrin. Samtímis skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra í leyfisumdæminu hvarfið, og varðar sektum frá 200 til 2000 kr., ef út af er brugðið.

Auk sekta samkvæmt framansögðu skal sá, er dýrin missir úr vörzlu, greiða skaðabætur eftir mati, ef sannanlegt tjón hlýzt af, nema sannað verði, að skemmdarverkum óviðkomandi manna eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, að dýrin sluppu. Nú hefir dýr, eitt eða fleiri, sloppið úr vörzlu og hvarfið verið tilkynnt samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar, og skal þá hlutaðeigandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það loðdýraræktarráðunaut, og gera þeir þá í sameiningu ráðstafanir til þess, að dýrunum verði náð, dauðum eða lifandi, ef auðið er. Kostnað, er þær ráðstafanir hafa í för með sér, greiðir sá, er dýrin voru í vörzlu hjá, hvort sem þau eru hans eign eða tökudýr. Nú sannast, að umráðamanni dýranna var ekki um að kenna, að dýrin sluppu, og falla þá skaðabætur og kostnaður á þann, er fundinn verður sannur að sök, auk þess sem hann skal sæta sektum fyrir spellvirki, allt að 5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sannist ekki, hvaðan dýr hafa sloppið úr vörzlu, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er um ræðir í þessari grein. Sektir samkv. þessari grein falla í ríkissjóð.

8. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, og skal hann hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum eða annan hliðstæðan skóla. Hann er launaður úr ríkissjóði, og gefur ráðherra honum erindisbréf. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands umsjón með störfum loðdýraræktarráðunauts.

9. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við merkingar loðdýra greiðir Loðdýraræktarfélag Íslands, en heimilt er því að taka merkingargjald af eigendum merktra dýra, og ákveður aðalfundur félagsins gjaldið ár hvert. Sama gildir um ættbókarfærslu.

10. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum, eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni. Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis á útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og um aldur dýranna.

Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hér er farið fram á að gera á loðdýraræktarlögum, eru að mestu formaðar af ráðunaut ríkisins í loðdýrarækt, og er frumvarpið flutt að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Einstakir landbúnaðarnefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram við það breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þegar mál þetta kom í hendur landbúnaðarnefndar, fylgdi því all-löng greinargerð, sem fer hér á eftir:

„Þegar lögín um loðdýrarækt voru samþykkt á Alþingi 1937, var reynsla á loðdýrarækt hér á landi komin tiltölulega skammt á veg. Síðan hefir fengizt allmikil reynsla í þessum efnun, og hefir þá komið í ljós, að nauðsynlegt muni vera að breyta einstökum atriðum í lögum um loðdýrarækt frá 13. júní 1937.

Skal nú stuttlega gera grein fyrir helztu breytingartillögum.

3. gr. fjallar um leyfi handa þeim, sem stunda vilja loðdýrarækt. Núverandi lög kveða svo á, að hreppsnefndir í hreppum og bæjarstjórnir í kaupstöðum veiti leyfi til loðdýraræktar. Nú er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að hreppsnefndaroddvitar og bæjarstjórar veiti leyfið. Það er nauðsynlegt að gera þessa breytingu, vegna þess að oft er mjög erfitt að ná allri hreppsnefnd eða bæjarstjórn á fund, þegar sótt er um slíkt leyfi, en hinsvegar ætti það að vera nægileg trygging fyrir því, að engum fátáðlingum væri veitt leyfi til loðdýraræktar, að oddvitar og bæjarstjórar veittu leyfið, enda má, ef ágreiningur verður, skjóta málinu til úrskurðar landbúnaðarráðherra.

Við 4. gr. er lagt til, að gerðar verði allviðtækar breytingar. Þýðingarmest er breyting sú, að ríkisráðunautur í loðdýrarækt skuli hafa yfirumsjón með því í umboði landbúnaðarráðherra, að lögum um loðdýrarækt og reglugerðum um framkvæmd þeirra sé hlýtt.

Samkvæmt núverandi lögum er umsjón með þessu eingöngu falin hreppstjórum í hreppum og lögreglustjórum í kaupstöðum, en ráðunautur ríkisstjórnarinnar í loðdýrarækt hefir ekki haft þar nein völd eða skyldur til þess að framkvæma eða láta framkvæma eftirlit með loðdýrabúunum. Reynslan hefir nú ótvírætt sýnt, að eftirlit með vörzlu loðdýrabúa hefir ekki verið nægilegt. Er því fullkonnasta nauðsyn á því, að úr þessu verði bætt sem allra fyrst. Helzta ráðið til úrbóta á þessu sviði má telja mjög líklegt, að fáið með því að fela ráðunautnum yfirumsjón þessara mála.

Það er lagt til, að hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum verði trúnaðarmenn ráðunautsins og framkvæmi eða láti framkvæma úttekt á loðdýrabúum og skoðun, eftir því sem ráðunauturinn leggur fyrir, og samtímis krefjast þess, að lögum og reglugerðum um loðdýrarækt sé hlýtt.

Í stað þess, að hreppstjórar eða lögreglustjórar séu trúnaðarmenn ráðunauts við úttekt og eftirlit, mætti hafa því þannig, að ráðunaut væri heimilað að velja sér trúnaðarmenn til þess að framkvæma eftirlitið. Ráðunautur myndi þá velja til þess þá hæfustu menn, sem hann gæti fengið, og gæti það verið gott að því leyti til, að þeir myndu hafa fulla þekkingu á, hvernig girðingar og búr eigi að vera, en hinsvegar má búast við, að hreppstjórum og lögreglustjórum væri frekar hlýtt en öðrum, þegar til þess kæmi að leiðrétta það, sem aflaga kynni að fara.

Við 5. gr. eru gerðar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna breytinga á 4. gr. Þá er nýmæli í þeirri grein, að ákveða skuli með reglugerð, hvernig taka skuli greiðslu fyrir úttekt og skoðun.

Við 7. gr. er lagt til, að hún verði 6. gr. og bætt verði nýrri málsgrein aftan við hana, sem mælir svo fyrir, að þeir, sem geymi loðdýr í ólögumætum girðingum eða á annan ólögumætann hátt, séu látnir sæta sektum frá 50 til 1000 krónum, og að slíkar sektir renni í ríkissjóð. Reynslan hefir sýnt, að dýr hafa sloppið úr vörzlu. Eru allar líkur fyrir því, að þar, sem dýr hafa sloppið úr vörzlu, sé það eingöngu því að kenna, að varzlan hafi ekki verið lögumæt. Er því full ástæða til þess að ákveða sérstakar sektir við því yfirleitt að geyma dýr í ólögumætum girðingum eða aðhaldi.

6. gr. verði 7. gr., og eru gerðar gagngerðar breytingar á henni. Þar er lagt til, að allir einstaklingar eða félög, sem reka loðdýrarækt, séu lögskylduð til þess að gerast meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðrum félagsskap loðdýraeigenda, sem kæmi í þess stað, enda staðfesti landbúnaðarráðherra lög félagsins. Reynslan hefir þegar sýnt, að ekki nær allir loðdýraeigendur eru félagsbundnir. Af því hefir aftur leitt, að erfitt hefir reynzt eða ómögulegt að vita um tölu dýra á búunum eða annað, sem þeim við kemur. Væru allir loðdýraeigendur félagsbundnir, myndi það stórlega létta eftirlit með búunum, og þess vegna verður að teljast alveg nauðsynlegt, að þetta sé gert að lagalegri skyldu.

Við 10. gr. eru gerðar tillögur um gagngerðar breytingar. Í 10. gr. laganna eins og þau eru nú, er kveðið svo á, að sleppi loðdýr úr vörzlu, skuli eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. Nú er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að sektir fyrir að missa dýr úr vörzlunni verði látnar niður falla, en ákveðnar háar sektir við því:

1. Að gera ekki strax og dýrið sleppur allar ráðstafanir, sem auðið er til þess að fanga dýrin.
2. Að tilkynna ekki tafarlaust hreppstjóra eða lögreglustjóra, ef dýr hafa sloppið úr vörzlu, svo að þeir í samráði við loðdýraræktarráðunaut geti þegar gert allar ráðstafanir, sem unnt er, til þess að dýrin verði fönguð lifandi eða dauð.

Kostnað við að ná dýrunum greiðir sá, sem dýrin voru í vörzlu hjá, nema sannað verði, að dýrin hafi sloppið fyrir spellvirki af völdum óviðkomandi manna, enda sæti þeir sektum, er slík spellvirki vinna, allt að 5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Reynslan hefir ótvírætt sýnt, að ákvæði núverandi laga um það, að þeir, sem missa dýr úr vörzlu, skuli sæta sektum, hefir orðið þess valdandi í hvert sinn, sem dýr hefir sloppið, að því hefir verið haldið leyndu af þeim, sem misst hafa dýrin, og þeir hafa af hræðslu við þessi séktarákvæði ekki þorað að leita sér aðstoðar til þess að fanga dýrin og heldur látið sitja við það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir við að missa dýrin, heldur en að tilkynna strax hvarfið og reyna að ná dýrunum og eiga svo á hættu að verða sektaðir. Þetta hefir verið aðalorsökin til þess, að minnar t. d. eru nú taldir að vera villtir í nágrenni Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Sömuleiðis eru til allmörg dæmi fyrir því, að refir hafa sloppið úr vörzlu og eigendur ekki sagt neinum frá því, en sömu dýr hafa svo verið veidd lifandi eða dauð löngu seinna og þá komizt upp, þegar mark hefir verið læsilegt, hver eigandinn var. Með því að leggja þung sektarákvæði við því að tilkynna ekki strax, ef dýr sleppur úr vörzlu, ætti að vera fengin sterk hvöt fyrir þann, sem dýrið missir, til þess að tilkynna strax til réttra aðila, þegar dýrið tapast, og þar með stórkostlega auknir möguleikar fyrir því, að dýrið náist, dautt eða lifandi, en það verður að teljast algert aðalatriði, svo hægt sé að koma í veg fyrir, að dýrin verði villt og geti valdið tjóni.

Þegar svo hér við bætist, að lagðar eru háar sektir við því að hafa ekki búr og girðingar í fullkomnu lagi, og enn fremur ákveðið í lögum og reglugerð að svipta hvern þann leyfi til loðdýraræktar, sem þrjóskast við að bæta úr því, sem ábótavant er í vörzlunni, verður tæplega hægt að setja lagaákvæði, sem betur tryggi, að dýr sleppi ekki úr vörzlu og náist ekki, en lagaákvæði þau, sem hér hefir verið skýrt frá.

Þá eru ákvæði um það í 10. gr., að sé um loðdýr að ræða, sem sloppið hafa úr vörzlu og enginn finnst eigandi að, þá beri ríkissjóður kostnað við að útrýma dýrunum, enda renni sektir fyrir brot á lögum og reglugerðum varðandi vörzluna í ríkissjóð.

Við 13. gr. er lagt til, að gerðar verði allviðtækar breytingar. Í þessari laga grein eins og hún er nú er það ákveðið, að Loðdýraræktarfélag Íslands í samráði við loðdýraræktarráðunaut ákveði, hvaða tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókarfærðar.

Í breytingum þeim, sem gerðar eru á 13. gr., er ákveðið, að allar tegundir

loðdýra, sem haldin eru eða haldin verða í loðdýragörðum, skuli merkt, ef það er framkvæmanlegt að dómi landbúnaðarráðherra.

Þegar löggin um loðdýrarækt voru sett, var tilgangur með merkingu loðdýra aðallega sá, að geta valið og ættbókarfært dýrin eftir þeim.

Nú hefir það sýnt sig, að nauðsynlegt er, að dýrin séu merkt ekki einungis af þessum ástæðum, heldur einnig til þess að þekkja megí, hvaðan dýrin eru og hver er eigandi, ef þau sleppa úr vörzlu. Af þessum ástæðum þykir sjálfsgagt að lögbjóða að merkja öll loðdýr, ef það þykir framkvæmanlegt, og mun öruggast, að landbúnaðarráðherra skeri úr um það, hvað framkvæmanlegt sé í þeim efnum, enda heimilt fyrir ráðherra að leita upplýsinga sérfróðra manna þessu viðvíkjandi.

Við 14. gr. eru gerðar gagngerðar breytingar. Eins og greinin er nú kveður hún á um það, að þeir einir skuli hafa rétt til að fá loðdýr sín merkt löggiltu sérmerki, sem eru meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands. Nú er óþarft að hafa þetta í lögum, ef ákveðið verður að skylda alla loðdýraeigendur til að vera félagsbundna og ennfremur til þess að sérmerkja öll loðdýr, sem fært reynist að sérmerkja. Aftur á móti er nú lagt til, að í 14. gr. sé Loðdýraræktarfélagi Íslands heimilað að ákveða gjald fyrir merkingar og ættbókarfærslu.

Við 16. gr. eru gerðar þær breytingar, að í stað þess, að í núverandi lögum er það ákveðið, að eigi megí flytja til landsins loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, komi, að eigi megí flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum eða þau séu af viðurkenndum góðum stofni.

Reynslan hefir sýnt, að það hefir verið óframkvæmanlegt að flytja aðeins til landsins dýr, sem hafa hlotið verðlaun á sýningum, meðal annars vegna þess, að sýningar eru haldnar svo seint að haustinu, að innflutningur til landsins það ár væri hindraður og því aldrei hægt að flytja til landsins dýr á fyrsta ári, en þau eru að jafnaði heppilegust til innflutnings og ódýrari í innkaupi en eldri dýr.

Reynslan hefir því orðið sú, að ekki hefir reynzt mögulegt að framfylgja ákvæðum laganna. Aftur á móti hefir síðan löggin voru sett aðeins verið leyfður innflutningur á dýrum af beztu verðlaunastofnum og stofnum, sem staðið hafa mjög hátt í skinnaverði á heimsmarkaðinum.

Það er því réttmætt, að lögunum sé breytt í samræmi við þetta.“